

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyðingastöð Suðurnesja Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpeyðingastöð Suðurnesja	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Öðru frávikinu hefur verið lokað þar sem ný mæling á olíu í frárennsli olíuskilju hefur nú verið gerð (barst 9. janúar 2018) og þar er olía í frárennsli undir losunarmörkum. Engin frekari eftirfylgni verður út af frárennslímálum. Engin athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit hjá Sorpeyðingastöð Suðurnesja og hófst eftirlitið á fundi. Jón Norðfjörð og Ingbór Karlsson voru fulltrúar rekstraraðila en Sverrir Aðalsteinn Jónsson og Gottskálk Friðgeirsson voru mættir fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

- Loftgæði
- Vöktunaráætlun
- Frárennsli
- Framkvæmdir á Berghólabraut 7
- Skýrslur
- Ábendingar og kvartanir

### Loftgæði/ dreifing útblástur frá skorsteini

Farið var yfir kröfur um hreinsun útblásturs frá brennslunni og kröfur um hæð reykháfs og útblásturshraða sem skal vera nógu mikill til þess að ekki verði niðurdráttur í nágrenni stöðvarinnar. Fram kom að símæling á ryki er fer fram með optískum (ljósfræðilegum) mæli sem nú er orðinn úreltur og ekki hefur tekist að kvarða um nokkurn tíma. Rekstraraðili hefur lagt inn pöntun á nýjum mæli og varð SICK-mælir fyrir valinu.

Árlegar mælingar á ryki í útblæstri hafa rokkað úr 3 mg/Nm<sup>3</sup> í 80 mg/Nm<sup>3</sup> í mælingum síðustu ára (losunarmörk fyrir daglegt meðalgildi er 10 mg/Nm<sup>3</sup> en 30 mg/Nm<sup>3</sup> fyrir 30 mínútna meðaltal). Brugðist hefur verið við þessu með því að í haust var skipt um poka í hreinsivirki og 15. október sl. mældi verkfræðistofan Verkís ryk í útblæstri. Niðurstöður hafa borist og meðaltal tveggja mælinga umreiknað að 11% O<sub>2</sub> kom út á 38,8 mg/Nm<sup>3</sup> sem er yfir losunarmörkum og því frávik. Rekstraraðili vinnur að úrbótum.

Í árlegri mælingu frá 15. október 2017 mælast köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og díoxín/fúrön (I-TEQ) alveg við losunarmörk í starfsleyfinu. Aðrar mælingar í skorsteini (símælingar) s.s. fyrir vetnisklóríð (HCl) hefur verið að fara yfir losunarmörk en rekstraraðili rekur það til vandamála við innmötun á sóða til hlutleysingar í eftirbrennslunni, en of mikill raki í sódanum veldur kekkjum í efninu og innmötun raskast. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við birgja sína út af þessu og á von á að komast yfir þetta vandamál fljótlega. Áfram þarf því að fylgjast vel með og bregðast við. Rekstraraðili benti á að fylgni væri á milli toppa útblásturs í HCl og þegar hreinsun síunnar á sér stað. Einnig benti rekstraraðili á að beint samband er á milli aukningar HCl í útblæstri og þegar brennsla sóttmengaðs úrgangs á sér stað. Kvörðunarskýrslur fyrir gösin í útblæstrinum berast stofnuninni, síðast var kvarðað 14. febrúar sl. Sérfræðingur frá EFLU verkfræðistofu kvarðar gasmælinn í reykháfinum. Síamælingagildi fyrir köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) fór 6 sinnum yfir mörk í ágústmánuði.

Útblásturshraði í reykháfi hefur á árunum 2012 til 2016 verið að mælast á bilinu 6,6 – 14,3 m/s. Rekstraraðili hefur látið verkfræðistofuna Vatnaskil útbúa loftdreifilíkan sem tekur mið af veðurfarsaðstæðum í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar. Tilgangurinn með þessu er að uppfylla kröfur í grein 4.9 í starfsleyfi um að sýna fram á að ekki sé niðurdráttur á reyk í nágrenni stöðvarinnar. Umhverfisstofnun lætur nú yfirfara þá útreikninga en þeir bástu stofnuninni í maí 2017.

### Vöktun á umhverfisþáttum og vöktunaráætlun

Rekstraraðila er gert að vakta helstu umhverfisþætti í umhverfi sínu í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Rekstraraðili vinnur að gerð vöktunaráætlunar. Gerðar voru mælingar á díoxínum og fúrönnum í jarðvegi í nágrenni brennslunnar í október 2017. Jarðvegssýni voru tekin til hliðar við ríkjandi vind og eins undan ríkjandi vindi frá brennslunni samkvæmt vindrósi fyrir svæðið. Í ljós kemur að uppsöfnun á díoxínum er rúmlega þreföld undan vindi frá brennslunni miðað við til hliðar við til hliðar við vind. Hæsta gildi mældist 5,39 ng/kg (burrvig) sem er vel undir 10 ng/kg mörkum fyrir díoxín. Samkvæmt þýskum viðmiðunum er talin ástæða að huga að úrbótum

fari díoxín í jarðvegi yfir 5 ng/kg. Rekstraraðili hefur skilað tillögu að vöktunaráætlun til Umhverfisstofnunar.

#### Frárennsli í söfnunarþró og olíuskilju

Enn hafa spilliefnageymsla og söfnunarþró ekki verið byggð og því ekki tekin sýni úr spilliefnaþró. Árlegt mæling úr frárennsli aftan við olíuskilju hefur borist. Fita/olía í fráveitu mældist 100 mg/l sem er yfir losunarmörkum og því frávik frá kröfum í starfsleyfi. Brugðist var við og olíuskilja tæmd og hreinsuð. Nú er beðið eftir niðurstöðum nýrrar mælingar á fráveituvatni. Af þessu má ráða að auka þarf tíðni þjónustu við olíuskilju svæðisins og tæma olíu áður en hún yfirfyllist.

Mælingar á öðrum eignum stóðust kröfur í starfsleyfi þ.e. losunarmörk.

#### Framkvæmdir á lóð rekstraraðila

Boðnar voru út framkvæmdir við spilliefna- og botnöskugeymslur sem byggja á við Sorpeyðingastöð Suðurnesja. Þar sem engin tilboð bárust í verkið þá er unnið að samningum við verktaka. Með þessum framkvæmdum þá er aðstaðan á lóðinni í fullu samræmi við kröfur í starfsleyfi. Rekstraraðili mun senda stöðuskýrslur um verklegar framkvæmdir.

#### Skýrslur rekstraraðila

Árlegar skýrslur sem rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar eru grænt bókhald, útstreymisbókhald, skýrsla um magn úrgangs og skýrsla um niðurstöðu skráninga skv. 5.1 en heimilt er að skila samantekt á skráningum með grænu bókhaldi eða ársskýrslu.

Mínt er á að afriti af skýrslu um skráningar skv. 5.1 og skýrslu um magn úrgangs sem tekið er á móti skv. 4.1 skal einnig skila til heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis.

#### Ábendingar og fyrirspurnir

Nokkrar ábendingar hafa borist til Umhverfisstofnunar vegna starfssemi rekstraraðila síðan síðast var komið í eftirlit. Geymsla flugösku í Njarðvík og geymsla fiskikera úr plastefnum við Hafnarveg.

Flugöskugeymslan að Fitjabraut 10 í Njarðvík (Reykjanesbæ) er samþykkt í starfsleyfi rekstraraðila en þar safnast upp flugaska þar til hæfilegt magn er komið til útflutnings með skipi. Geymsla fyrir fiskikör við gömlu sorpbrennsluna við Hafnarveg er ekki skilgreind í starfsleyfinu. Áætlað er að um 1500 fiskikör séu á svæðinu og hafa verið um langan tíma. Beðið er lausna við förgun eða endurnýtingu fiskikaranna en þau eru mjög orkurík. Vinnsla eða hökkun karanna á svæðinu við Hafnarveg er ekki leyfileg nema tilkomi sérstakt leyfi þar um. Samtök iðnaðarins þekkir til þessa máls en þúsundir fiskikara um land allt bíða ákvörðunar um endurvinnslu (förgun). Rekstraraðili vinnur að lausn málsins.

Snyrtilegt var um að litast á lóð rekstraraðila en í síðasta viðgerðarstoppi safnaðist upp úrgangur í nokkrum gámum sem nú bíður eyðingar. Snyrtilega er um þá gengið.

#### **Frávik frá**

ákvæði í grein 5.4 um magn ryks í útblæstri

#### **Lýsing á fráviki**

Mælingar á ryki í útblæstri eru yfir losunarmörkum. Rekstraraðili hefur pantað nýja mælingu í janúar 2018. Eins er nýr símælir í pöntun.

ákvæði í grein 5.4 um magn olíu í frárennsli.

Magn olíu í frárennsli aftan við olíuskilju mældist yfir starfsleyfismörkum. Eftir úrbætur og nýja mælingu sem er undir 15 mg/l (3,2 mg/l) er þessu fráviki lokað og engin eftirfylgni verður af því.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð. □


#### **ANNAÐ**

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun stöðuskýrslur vegna verklegra framkvæmda við spilliefnageymslu og botnöskugeymslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.01.2018



Gottskálk Friðgeirsson